

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagsupprætti af Hveragerði í Árnassýslu.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964, hefur ráðuneytið hinn 18. maí 1971 staðfest aðalskipulagsupprátt af Hveragerði í Árnassýslu.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð, sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af hreppsnefnd Hveragerðishrepps og skipulagsstjórn ríkisins.

Félagsmálaráðuneytið, 26. maí 1971.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

26. maí 1971.

Nr. 91.

REGLUGERÐ

fyrir Vatnsveitu Borgarness.

1. gr.

Reglugerð þessi gildir um allt lögsagnarumdæmi Borgarneshrepps, nema annað sé tekið fram hér á eftir.

2. gr.

Hreppsnefnd Borgarneshrepps fer með stjórn vatnsveitunnar, sem er eign Borgarneshrepps. Hreppsnefndin skipar vatnsveitustjóra, sem annast daglegan rekstur vatnsveitunnar, svo og aðra starfsmenn eftir því, sem þörf krefur.

3. gr.

Vatnsveitan hefur einkasölu á vatni á svæði því, sem vatnsveitan nær yfir og hún getur fullnægt, svo og til hafnarinnar.

4. gr.

Vatnsveitan lætur leggja vatnsleiðslur, aðalæðar og götuæðar um hreppinn.

5. gr.

Hver sá, sem húseign á við götu eða veg, sem vatnsæð liggur í, á rétt á að tengja vatnsæð frá henni á eigin kostnað við húsið, enda sé það reist með samþykki byggingarnefndar og vatnið ætlað til heimilisþarfa. Vatnsnot til annarra þarfa skulu að jafnaði leyfð með nánari fyrirmælum og skilyrðum, sem vatnsveitan setur hverju sinni. Vélar og tæki þau, er nota vatn, önnur en heimilistæki, má ekki tengja við hús eða heimæðar, nema að fengnu leyfi vatnsveitunnar. Einnig getur vatnsveitan fyrirskipað breytingar á eldri tækjum og vélum, ef nauðsyn krefur. Réttur húseiganda til vatnsnota, skuldbindur ekki vatnsveituna til þess að tryggja, að þrýstingur í götuæðum sé ávallt nægjanlegur. Ef sýnt þykir, að götuæðar þær, sem fyrir eru, geti eigi séð atvinnufyrirtæki eða öðrum, sem óska eftir vatni til annarra þarfa en heimilis, fyrir nægilegu vatni, er notanda skylt að greiða kostnað við nauðsynlegar úrbætur eftir úrskurð vatnsveitunnar. Ef óskað er eftir vatnsnotum utan þess svæðis, sem vatnsveitan nær til og hefur verið tekið til skipulags og byggingar, getur vatns-

veitan sett það skilyrði fyrir lögn vatnsæðar, að tryggt sé, að kostnaður við lögnina fái stundur annað hvort með beinni þátttöku notanda eða með því að gjöld fyrir vatnsnotkun verði ákveðin með hliðsjón af kostnaðinum. Vatnsveitan getur einnig ákveðið, að notendur, er síðar bætast við, beri hluta af stofnkostnaði við lögnina. Vatnsveitan hefur eignarétt og viðhaldsskyldu á dreifiaðum, enda þótt húseigendur hafi í upphafi borið að einhverju leyti eða öllu leyti þann kostnað er af lögninni leiddi, nema öðruvísi verði um samið. Vatnsveitan skal á eigin kostnað koma fyrir brunahönum í samráði við slökkviliðsstjóra.

6. gr.

Sá er óskar að leggja vatnsveituæð að húsi sinu, leggja nýlagnir, gera breytingar eða viðbætur við eldri vatnslagnir, skal með nægjanlegum fyrirvara fá til þess leyfi hjá vatnsveitunni. Umsóknir skulu skrifaðar á eyðublöð, sem vatnsveitan lætur í té og skulu þær undirritaðar af eiganda hússins eða fullgildum umboðsmanni hans, ásamt pípulagningameistara þeim, sem verkið á að annast. Með umsókninni fylgi uppdráttur að vatnslögninni í tvíriti. Uppdráttur þessi skal gerður af manni með tæknipækkingu á sviði vatnslagna og sem til þess hefur hlotið löggildingu vatnsveitunnar. Sá, sem uppdrátt gerir, ber ábyrgð á, að hann sé í samræmi við reglugerð þessa og brjóti ekki í bága við byggingarsamþykkt eða aðrar samþykktir um þessi mál, sem í gildi eru í Borgarnesi.

7. gr.

Uppdrættir skulu gerðir á haldgóðan, óstökkan pappír og þannig frá þeim gengið, að ekki máist drættir eða letur við geymslu. Stærð þeirra skal vera 42.0×59.4 cm eða 49.4×84.0 cm.

Standi sérstaklega á, getur vatnsveitan leyft að gera uppdrættina á stærri blöð í DIN broti. Nota skal mælikvarða 1:100 og 1:50, og ef sýna þarf smáatriði 1:10 og 1:20. Uppdrættir skulu sýna allar lagnir utanhúss sem innan, bæði í grunnmynd og rúmmynd. Þá skal einnig gera afstöðumynd, sem sýni málsetta legu heimæðar frá húsvegg að tengistöð við vatnsveituæð. Uppdrátturinn skal sýna gerð og stærð allra vatnslagnanna, loka og krana, svo og annarra þeirra atriða, sem málið snerta. Nota skal tákn þau, sem algeng eru í vatnslögnum. Vatnsveitan getur krafizt útreikninga á vatnslögninni, ef ástæða þykir til. Ef uppdrættir eru ekki til af gömlum vatnslögnum, sem hreyta á, getur vatnsveitan krafizt þess, að þeir séu gerðir og ber húseigandi allan kostnað af því. Þegar vatnsveitan hefur samþykkt uppdrátt, skal á hann færð áritun um það og annað eintak hans skal síðan geymt í skjalasafni vatnsveitunnar.

8. gr.

Pípulagningameistarar, löggiltir af vatnsveitunni, hafa einir rétt til þess að annast vatnslagnir og gildir það um nýlagnir jafnt sem viðbætur við eða breytingar á eldri vatnslögnum. Þeir bera ábyrgð á, að allar lagnir séu í samræmi við samþykkt þessa, nánari fyrirmæli, sem kunna að verða sett og samþykktan uppdrátt. Ef pípulagningameistari brýtur í bága við fyrirmæli samþykkt þessara eða reglna, settra samkvæmt þeim, eða brot er framið af starfsmönnum, sem hann ber ábyrgð á, getur vatnsveitan veitt honum áminningu. Enn fremur má hún svipta hann löggildingu, ef um miklar sakir er að ræða eða ítrekað brot.

9. gr.

Pípulagningameistari sá, sem verkið annast, staðfestir áður en verkið hefst, með undirskrift sinni, að hann hafi tekið verkið að sér og sé ábyrgur fyrir því, að það sé unnið eftir settum reglum. Sé skipt um pípulagningameistara á meðan á verki

stendur, ber að tilkynna það vatnsveitunni. Skal pípulagningarmeistari sá, sem við tekur, gefa yfirlýsingu um, hversu miklum hluta verksins sé þegar lokið, og er honum eigi heimilt að halda áfram verkinu fyrr en hann hefur með undirskrift sinni tekið ábyrgð á verkinu.

10. gr.

Uppdráttur áritaður af vatnsveitunni skal ávallt vera á vinnustað. Með áritun tekur vatnsveitan enga ábyrgð á því, að hægt sé að framkvæma verkið vegna leiðslna eða annars, sem kann að vera því til fyrirstöðu.

11. gr.

Vatnsveitan skal hafa eftirlit með því, að nýlagnir séu í samræmi við samþykktan uppdrátt og samþykkt þessa. Engar vatnspípur má hylja, fyrr en þær hafa verið viðurkenndar af vatnsveitunni. Vatnsveitan hefur rétt til þess að láta þrýstiprófa vatnslagnir á kostnað húseiganda, og sé það gert, skal pípulagningarmeistari sá, sem ábyrgð ber á verkinu, vera viðstaddur og aðstoða starfsmenn vatnsveitunnar við prófunina. Álfiti eftirlitsmaður vatnsveitunnar, að verk sé eigi framkvæmt samkvæmt ákvæðum samþykktar þessarar eða öðrum reglum, er settar kunna að verða, getur hann stöðvað verkið, þar til bætt hefur verið úr því, sem áfátt kann að vera.

12. gr.

Allar leiðslur frá vatnsveituæðum að húsi og í því eru eign húseiganda, og ber hann kostnað af lögn þeirra og viðhaldi, nema vatnsveitan ákveði annað. Vatnsveitan getur ákveðið, að heimæðar eða hluti þeirra, skuli lagðar af starfsmönnum hennar.

Af jafnaði fær hvert hús leyfi fyrir einni heimæð. Óski húseigandi eftir fleiri heimæðum, ber honum að sækja sérstaklega um það til vatnsveitunnar. Óheimilt er að tengja sama vatnslagnakerfi við tvær heimæðar. Vatnsveitan getur ákveðið, að fleiri en eitt hús, séu tengd sömu heimæð og gefur þá fyrirmæli um vídd og legu æðarinnar. Hún getur ákveðið, hvernig skipt skuli kostnaði við slíkar framkvæmdir, ef aðilar verða ekki ásáttir um slíkt. Starfsmenn vatnsveitunnar skulu ætíð sjá um tengingu heimæða við vatnsveituæð, en eigandi heimæðarinnar skal greiða sérstakt gjald áður, stofngjald, sem hreppurinn ákveður. Því aðeins er heimilt að tengja heimæðar við hús, að þau séu fohheld og upphituð, eða á fullnægjandi hátt fyrirbyggð, að ekki frjósi í vatnspípunum. Húseiganda ber skylda til að halda við vatnslögnum sínum á eigin kostnað og láta gera við leka, þegar er hans verður vart. Vatnsveitan getur, ef hún telur brýna þörf á, lagt fyrir húseiganda, að endurnýja vatnslagnir sínar að nokkru eða öllu leyti. Vanræki húseigandi viðhald á vatnslögnum, er vatnsveitunni heimilt að annast viðgerð á kostnað hans.

13. gr.

Skylt er mönnum að hlíta því, að vatnsæðar séu lagðar um eignarland þeirra eða umráðasvæði og fram fari á þeim nauðsynlegt viðhald. Um bætur fyrir slíkt fer samkvæmt ákvæðum vatnalaga.

14. gr.

Eftirlitsmönnum vatnsveitunnar er heimilt að fara um hús og lóðir vatnsnotenda til eftirlits með vatnslögnum og skal húseigendum skylt að gefa upplýsingar m. a. um vatnsnotkun og fl. þ. h., eftir því sem óskað er. Starfsmönnum vatnsveitunnar ber að sýna fyllstu kurteisi við störf sín.

15. gr.

Vatnsveitan hefur rétt til að taka úr sambandi ónotaðar vatnsæðar í eigu einstaklinga, sé eigi gert sennilegt, að þær verði teknar úr notkun innan skamms tíma. Kostnað er af þessu leiðir greiðir eigandi.

16. gr.

Vatnsveitan ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, er leiða kann af rekstrartruflunum, sem verða vegna vinnu við æðar vatnsveitunnar eða af öðrum ástæðum. Ef eldsvoða ber að höndum hafa slökkvilið, lögregla og starfsmenn vatnsveitunnar heimild til þess að gera hverjar þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar mega teljast, hvort heldur á vatnsæðum í einkaeign eða eign vatnsveitunnar.

17. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við vatnsveituna skal innheimta vatnsskatt af húseignum, sem um ræðir í 2. málsgrein og skal skatturinn miðaður við ákveðinn hundraðshluta af fasteignamatsverði húseignar eftir ákvörðun hreppsnefndar hverju sinni. Vatnsskatt skal innheimta af öllum húsum í lögsagnarumdæmi hreppsins, sem standa við götu eða opin svæði og vatn er lagt í.

Nú er hús, sem greiða ber af vatnsskatt, ekki virt fasteignamatsvirðingu og ákveður þá vatnsveitan skattinn.

Aukavatnsskatt skal leggja á verksmiðjur, baðhús, iðnaðarfyrirtæki og önnur atvinnufyrirtæki, sem nota vatn til annars en heimilisþarfa. Aukavatnsskatt skal að jafnaði greiða samkvæmt mældri notkun og ákveður hreppsnefnd gjald fyrir hvern (rúmmetra) m³.

Nú er vatn notað án mælis, þar sem svo hagar til, og skal þá vatnsveitan ákveða aukavatnsskatt samkvæmt áætlaðri notkun. Nú sættir húseigandi eða vatnsnotandi sig ekki við ákvörðun vatnsveitunnar á aukavatnsskatti og getur hann þá krafizt þess, að vatnsnotkun hans verði mæld um eins mánaðar skeið eftir vali vatnsveitunnar og verður aukavatnsskattur þess árs, þá ákveðinn hlutfallslega við útkomu þeirrar mælingar.

Stofngjald fyrir tengingu heimæðar, sbr. 12. gr., ákveður hreppsnefnd hverju sinni.

18. gr.

Vatnsskattur fellur í gjalddaga 1. júlí ár hvert og ber að greiða skattinn til skrifstofu hreppsins. Þar sem aukavatnsskattur er greiddur, er heimilt að greiða skattinn á 4 gjalddögum, í lok hvers ársfjórðungs eftir nánari ákvörðun sveitarstjóra. Vatnsskatt má taka lögtaki og er hann tryggður með lögveðsrétti í eigninni næstu tvö ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

19. gr.

Þar sem vatn er selt samkvæmt mæli, greiðir húseigandi kostnað við uppsetningu mælisins. Vatnsveitan sér um viðhald mælisins að því er snertir eðlilegt slit, en allar skemmdir af mannavöldum og frostum ber húseiganda að bæta.

Ef maður rýfur innsigli vatnsmælis, varðar það refsingu samkvæmt almennum hegningarlögum. Vatnslögn innanhúss á jafnan að vera þannig háttáð, að hægt sé að nota einn mæli fyrir hvert innanhúskerfi. Verði vatnsmæli ekki komið fyrir án breytinga á vatnslögn, er húseiganda skylt að láta breyta lögninni á sinn kostnað. Vatnsveitan ákveður stærð og gerð mælis í samræmi við vatnsnotkun á hverjum stað. Húseiganda ber að tilkynna vatnsveitunni tafarlaust bilanir á vatnsmæli, er hann kann að verða var við.

20. gr.

Verði vatnsnotandi uppvís að óhóflegri notkun vatns eða hlíti ekki fyrirmælum vatnsveitunnar um viðhald eða breytingu á vatnsæðum, hefur vatnsveitan rétt til að loka heimæð hans að undangenginni aðvörun. Vatnsveitunni er heimilt að skammta vatn til annars en heimilisnotkunar. Vatnsveitunni er heimilt að taka gjald fyrir opnun heimæðar, sem lokað hefur verið.

21. gr.

Óheimilt er að tengja vatnsdælur við heimæðar án leyfis vatnsveitunnar. Óheimilt er að tengja saman æðar vatnsveitunnar og einkavatnsæðar frá öðrum vatnsbólum. Óheimilt er að tengja saman æðar vatnsveitu og hitaveitu og skulu blöndunartæki hafa óhindrað rennsli í frárennslisstút. Enn fremur er óheimil öll meðferð vatnstækja, sem valdið geta óhreinun á vatni í vatnsveituæð eða einkalögn.

22. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 20 þúsund nema þyngri refsing liggji við samkvæmt lögum. Með mál út af slíkum brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Nú vanrækir maður að vinna verk, sem vatnsveitan hefur fyrirskipað, samkvæmt reglugerð þessari, eða verk er ekki unnið á viðunandi hátt og getur þá vatnsveitan látið vinna það, sem þarf, á kostnað viðkomandi aðila. Skal þá greiða kostnaðinn til bráðabirgða úr sveitarsjóði, en síðan innheimta hjá aðila með lögtaki, ef þörf krefur.

23. gr.

Hreppsnefnd getur sett nánari reglur um framkvæmd þeirra mála, sem reglugerð þessi fjallar um. Jafnframt getur hún veitt undanþágur frá reglugerðinni, ef hún telur gildar ástæður til þess.

24. gr.

Ef hreppsnefnd þykir ástæða til, getur hún heimilað öðrum en pípulagningameisturum að annast vatnslagnir samkvæmt reglugerð þessari, enda fullnægi þeir þeim skilyrðum, er sett verða hverju sinni og taka á sig fulla ábyrgð á framkvæmd verksins samkvæmt reglugerð þessari.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Borgarneshrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi numin reglugerð fyrir vatnsveitu Borgarneshrepps nr. 85 14. júní 1942 með síðari breytingum.

Félagsmálaráðuneytið, 26. maí 1971.

Emil Jónsson.

Hallgrímur Dalberg.

G J A L D S K R Á**Vatnsveitu Borgarness.****1. gr.**

Almennur vatnsskattur af húsum, sem vatn er lagt í, skal vera $4\frac{1}{2}\%$ af fasteignamati þeirra, en þó skal aldrei greiða minna en kr. 1000.00 af hverri íbúð.

2. gr.

Aukavatnsskattur skal vera kr. 3.00 til 4.00 fyrir hvern m³ vatns.